



Sparisjóður Strandamanna ses.

Ársreikningur  
2023

Sparisjóður Strandamanna ses.  
Hafnarbraut 19  
510 Hólmavík  
Kt. 610269-4199

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra .....	3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	5
Rekstrarreikningur .....	8
Efnahagsreikningur .....	9
Eiginfjárfirlit .....	10
Sjóðstreymisyfirlit .....	11
Skýringar .....	12
<b>Óendurskoðuð fylgiskjöl</b>	
Ófjárhagslegar upplýsingar .....	28

# Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra

---

Ársreikningur Sparisjóðs Strandamanna ses. fyrir árið 2023 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil lánastofnanna. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur sjóðsins árið áður. Sparisjóðurinn starfar samkvæmt gildandi lögum um fjármálafyrirtæki.

Hagnaður sparisjóðsins á árinu nam 39,7 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir hans 6.000,0 millj. kr. og bókfært eigið fé í lok ársins er 432,6 millj. kr. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er í árslok 23,1%, en má lægst vera 8,0%. Fjármálaeftirlitið hefur metið eiginfjárförf sparisjóðsins og er lágmarkskrafan um eiginfjárgrunn 11,3%. Með eiginfjárukum er hún 18,8% miðað við 31. desember 2023. Þann 16. mars 2024 þá hækkar sveiflujöfnarauki um 0,5% og verður þá eiginfjárfrafan 19,3%.

Sparisjóðurinn hefur á liðnum árum ávaxtað verulega fjármuni á innlánsreikningum í Seðlabankanum og því hafði vaxtalækkun á árunum 2020 til 2021 mikil áhrif á afkomum sjóðsins, en á árunum 2022 til 2023 þá hækkaði Seðlabankinn vexti innlánsreikninga aftur og afkoma sjóðsins batnað í samræmi við það. Sífellt er regluhverfi Sparisjóðsins að aukast og nýjar áskoranir í ytra umhverfi. Aukin krafa er á að fjármálafyrirtæki birti ýtarlegar upplýsingar um ófjárhagslegar upplýsingar auk þess að þann 1. júní 2023 tók gildi lög sem innleiða flokkunarreglugerð Evrópusambandsins fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfssemi en reglunum er ætlað að ýta frekar undir sjálfbærar fjárfestingar, sjá nánar í viðauka við ársreikninginn um ófjárhagslegar upplýsingar. Á síðustu árum hefur mikið verið fjárfest í grunnkerfum sjóðsins sem stutt geta við frekari vöxt og þróun á næstu árum, áfram eru krefjandi verkefni á þessu sviði.

Mat á helstu áhættuþáttum sjóðsins og eftirlit með þeim er mikilvægur hluti af starfsemi hans. Áhættumælingar eru lagðar fyrir stjórn fjórum sinnum á ári. Umfangsmesta áhætta sparisjóðsins er útlánaáhætta en stærstur hluti útlána hans eru tryggð með veði í íbúðarhúsnæði. Samtals námu þau rúmlega 69,9% af útlánasafni sjóðsins eða 1.744,1 millj. kr. í árslok 2023. Sparisjóðurinn á skuldabréf með veði í atvinnuhúsnæði í Grindavík að fjárhæð 43,2 millj. kr. og er tapsáhætta metin óveruleg. Aðrar mikilvægar áhættur eru tengdar verðtryggingarjöfnuði og vaxtamun á hverjum tíma.

Í upphafi árs voru stofnfjáraðilar 105 talsins en í árslok 2023 voru þeir 108. Í lok 2023 nam útgefið stofnfé sparisjóðsins 392,8 millj. kr. Í skýringu 21 með ársreikningum eru upplýsingar um þá stofnfjáreigendur sem eiga yfir 1% hlut í sjóðnum í árslok.

Stjórn sparisjóðsins leggur til við aðalfund að stofnfé verði verðbætt um 10,2% eða samtals 39,9 millj. kr. og þar með verði öllu óráðstöfuðu eign fé varið til hækkunar stofnfjár. Stjórn vísar að öðru leyti í ársreikninginn um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Upplýsingar um áhættustýringu og áhættuþætti í rekstri sjóðsins er að finna í skýringu 24 með ársreikningum.

Stjórn sparisjóðsins hefur í stefnumótunarvinnu síðustu ára verið að skoða möguleg framtíðartækifæri, starfsumhverfi og rekstrarform. Stjórn sparisjóðsins leggur til við aðalfund að rekstrarformi sparisjóðsins verði breytt úr sjálfseignarstofun (ses) í hlutafélag (hf). Sparisjóðurinn stofnaði í árslok 2023 dótturfélagið Spstr hf. í þeim tilgangi að taka við öllum eignum, skuldum og rekstri Sparisjóðs Strandamanna ses, frá og með 1. janúar 2024. Stofnfjárfarar munu þá fá hluti í hinu nýja hlutafélagi í skiptum fyrir stofnfjárbréfin eftir að þau hafa verið verðbætt. Stjórn sjóðsins telur rétt að breyta um rekstrarform til þess takast á við þær áskoranir sem framundan eru, eigin fé sparisjóðsins þarf að aukast svo hægt sé að stuðla að áframhaldandi ábyrgri útlánaaukningu og tryggja sjálfstæði sjóðsins.

## Stjórnarhættir

Í desember 2021 samþykkti stjórn sjóðsins uppfærslu á yfirlýsingu um stjórnarhætti til að skerpa á mikilvægi góðra stjórnarháttá hjá sjóðnum. Yfirlýsingin byggir m.a. á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki ásamt síðari breytingum, samþykktum sjóðsins ásamt öðrum lögum, reglugerðum og samþykktum sem við eiga. Við gerð yfirlýsingarinnar og innleiðingu starfshátta til samræmis við hana var fylgt tilmælum 6. útgáfu leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Samtök atvinnulífsins og Kauphöll Íslands gáfu út í febrúar 2021. Yfirlýsingu um stjórnarhætti má sjá á heimasíðu sjóðsins, [www.spstr.is](http://www.spstr.is).

## Skýrsla og áritun stjórnar og sparisjóðsstjóra frh.:

---

Stjórn Sparisjóðs Strandamanna telur góða stjórnarhætti vera forsendu traustra samskipta stofnfjáraðila, stjórnar, starfsmanna og annarra hagsmunaaðila. Stjórn sparisjóðsins er kjörin á aðalfundi sjóðsins og er skipuð fimm aðalmönnum og tveimur til vara. Sitjandi stjórn er skipuð fjórum karlmönnum og einni konu.

Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri sparisjóðsins og fer með ákvörðunarvald í öllum málefnum hans sem ekki eru öðrum falin með lögum, samþykktum sjóðsins eða ákvörðun stjórnar. Hönnun áhættuferla, eftirlit með áhættustöðum og eftirlit með virkni innra eftirlits er á ábyrgð Endurskoðunar - og áhættunefndar og innri endurskoðanda sparisjóðsins.

### **Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni**

Sparisjóður Strandamanna hefur ávallt haft hagsmuni nærsamfélagsins að leiðarljósi þegar kemur að rekstri hans og þátttöku í samfélagsverkefnum. Unnið er að því að móta stefnu um sjálfbærni og samfélagsábyrgð sem byggir meðal annars á grunni heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og öðrum viðmiðum sem sparisjóðurinn starfar eftir er tengjast meðal annars samfélagsábyrgð. Tilgangur sjóðsins er að stunda sparisjóðastarfsemi eins og hún er skilgreind í áðurnefndum lögum. Samfélagslegt hlutverk sjóðsins er að láta gott af sér leiða og standa vörð um og þróa atvinnulíf, mannlíf og almenna velferð á starfsvæði sínu. Þessu hlutverki er meðal annars sinnt með ráðstöfun á fjárhæð sem nemur hluta hagnaðar samkvæmt 1. mgr. 63. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Sjá nánar á heimasíðu sjóðsins, [www.spstr.is](http://www.spstr.is)

### **Yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra**

Það er álit stjórnar og sparisjóðsstjóra Sparisjóðs Strandamanna ses. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu Sparisjóðsins í árslok, rekstarangri og fjárhagslegri þróun á árinu. Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Strandamanna staðfesta hér með ársreikning Sparisjóðsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Hólmavík, 26. mars 2024.

Stjórn:

Sparisjóðsstjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda í Sparisjóði Strandamanna ses.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Sparisjóðs Strandamanna ses. fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Sparisjóðsins 31. desember 2023 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Álitið er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar og stjórnar.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sjóðnum í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Samkvæmt bestu vitund okkar og skilningi lýsum við yfir að við höfum ekki veitt neina óheimila þjónustu samkvæmt 1. mgr. 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014 og við erum óháð sjóðnum við endurskoðunina.

Við vorum fyrst kjörin endurskoðendur á aðalfundi sjóðsins þann 29. apríl 2018 og höfum verið endurskoðendur sjóðsins samfelld síðan þá.

### Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun ársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á ársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

#### Lykilþáttur

##### Virðisrýmun útlána

Í árslok námu útlán 2.718,0 millj. kr. eða 45,3% af heildareignum sjóðsins. Virðisrýmun útlána í árslok nam 38,4 millj. kr.

Mat á virðisrýmun útlána er lykilþáttur í endurskoðun á ársreikningi sjóðsins vegna þess hversu hátt hlutfall útlána er af heildareignum hans og jafnframt er mat á virðisrýmun útlána sjóðsins háð óvissu og mati stjórnenda.

Stjórnendur hafa greint frá reikningsskilaaðferðum við mat á virðisrýmun útlána í skýringu 2. g. sem og breytingum á virðisrýmun útlána í skýringu 10.

#### Viðbrögð í endurskoðuninni

Við lögðum mat á reikningsskilaaðferðir og forsendur sem stjórnendur nota við mat á útlánnum. Í þeirri vinnu fólst meðal annars:

- Mat á útreikningum sjóðsins á virðisrýmun útlána með endurreikningi.
- Mat á hönnun og innleiðingu eftirlitsþátta í útlánaferli sjóðsins, undirliggjandi tryggingum og virðisrýmun útlána í árslok.
- Við mátum réttmæti þeirra gagna sem notuð eru til grundvallar mati á virðisrýmun í árslok.
- Við yfirförum skýringar í ársreikningi og staðfestum að helstu upplýsingar sem reikningsskilareglur lánastofnana kveða á um kæmu fram.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

### Ábyrgð stjórnar og sparisjóðsstjóra á ársreikningnum

Stjórn og sparisjóðsstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og sparisjóðsstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sjóðsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sjóðinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og sparisjóðsstjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og sparisjóðsstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sjóðsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sjóðin órekstrarhæfan.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða aðgerða við höfum gripið til að eyða áhættu eða varúðarráðstafanir til að bregðast við henni.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

---

### **Staðfesting vegna annarra ákvæða laga**

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reynir Stefán Gylfason, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 26. mars 2024

**KPMG ehf.**

# Rekstrarreikningur ársins 2023

	Skýr.	2023	2022
Vaxtatekjur .....		474.766	315.762
Vaxtagjöld .....	(	268.056)	( 148.092)
<b>Hreinar vaxtatekjur</b>	4	<u>206.710</u>	<u>167.670</u>
Þjónustutekjur .....		43.651	44.489
Þjónustugjöld .....	(	15.372)	( 14.197)
<b>Hreinar Þjónustutekjur</b>	5	<u>28.279</u>	<u>30.292</u>
Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði .....		17.966	( 3.029)
Hreinn gengishagnaður (-tap) .....		1.294	( 563)
Aðrar rekstrartekjur .....	6	<u>17.806</u>	<u>17.535</u>
<b>Aðrar rekstrartekjur</b> .....		<u>37.066</u>	<u>13.943</u>
<b>Hreinar rekstartekjur</b> .....		272.055	211.905
Laun og launatengd gjöld .....	7	87.915	77.705
Annar rekstrarkostnaður .....	8	112.316	101.260
Afskriftir .....	14,15	<u>13.409</u>	<u>13.790</u>
		<u>213.640</u>	<u>192.755</u>
Afkoma dótturfélaga .....	13	( 112)	0
Framlag í afskriftareikning útlána .....	10	( 8.644)	( 10.316)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....		<u>49.659</u>	<u>8.834</u>
Tekjuskattur .....	9	( 9.932)	( 1.770)
<b>Hagnaður ársins</b> .....		<u>39.727</u>	<u>7.064</u>



# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Eignir</b>			
Sjóður og innstæður í Seðlabanka .....		2.442.760	2.120.090
Kröfur á lánastofnanir .....		426.027	35.267
Útlán til viðskiptamanna .....	10	2.718.054	2.652.762
Fjárfestingaverðbréf .....	11	306.412	398.805
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum .....	12	5.061	375.932
Eignarhlutur í dótturfélagi .....	13	3.888	0
Rekstrarfjármunir .....	14	39.776	38.821
Óefnislegar eignir .....	15	43.994	51.742
Skatteign .....	16	0	3.629
Aðrar eignir .....		14.044	16.987
		<hr/>	<hr/>
	<b>Eignir samtals</b>	<b>6.000.016</b>	<b>5.694.035</b>
		<hr/>	<hr/>
<b>Skuldir</b>			
Almenn innlán .....	17	5.471.925	5.231.776
Aðrar skuldir .....	18	92.814	69.348
Skattskuldbinding .....		2.639	0
	Innlán samtals	<hr/>	<hr/>
	16	<b>5.567.378</b>	<b>5.301.124</b>
		<hr/>	<hr/>
<b>Eigið fé</b>			
Stofnfé .....		392.778	353.217
Varasjóður .....		39.860	39.694
	Eigið fé samtals	<hr/>	<hr/>
	19	<b>432.638</b>	<b>392.911</b>
		<hr/>	<hr/>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>6.000.016</b>	<b>5.694.035</b>
		<hr/>	<hr/>

# Eiginfjáryfirlit árið 2023

---

	<b>Stofnfé</b>	<b>Varasjóður</b>	<b>Samtals</b>
<b>Breyting á eigin fé á árinu 2023</b>			
Eigið fé 1. janúar 2023 .....	353.217	39.694	392.911
Endurmat á stofnfé .....	39.560	(39.560)	0
Hagnaður ársins .....		39.727	39.727
Eigið fé 31. desember 2023 .....	<u>392.777</u>	<u>39.861</u>	<u>432.638</u>

## **Breyting á eigin fé á árinu 2022**

Eigið fé 1. janúar 2022 .....	353.217	32.630	385.847
Hagnaður ársins .....		7.064	7.064
Eigið fé 31. desember 2022 .....	<u>353.217</u>	<u>39.694</u>	<u>392.911</u>

# Sjóðstreymisýfirlit árið 2023

	Skýr.	2023	2022
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....		39.727	7.064
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Hreinar vaxtatekjur .....	(	206.710)	( 167.670)
Hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði .....	(	17.966)	3.029
Gengismunur .....	(	1.294)	563
Afkoma dótturfélaga .....		112	0
Virðisrýrnun útlána .....	10	8.644	10.316
Skatteign, breyting .....	9	9.932	1.770
Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna .....		13.409	13.790
	(	154.146)	( 131.138)
Útlán og kröfur, breyting .....	(	165.170)	( 342.607)
Aðrar eignir, breyting .....		2.943	( 5.282)
Innlán, breyting .....		162.273	301.138
Aðrar skuldir, breyting .....		19.803	( 4.184)
	(	134.297)	( 182.073)
Innheimtir vextir .....		566.000	353.991
Greiddir vextir .....	(	190.023)	( 73.049)
Handbært fé frá rekstri		241.680	98.869
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	14	( 2.124)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	15	( 4.779)	( 6.773)
Seld (keypt) verðbréf með föstum tekjum .....	11	105.385	( 398.901)
Seld verðbréf með breytilegum tekjum .....	12	375.957	0
Fjárfesting í dótturfélagi .....	13	( 4.000)	0
Seld hlutabréf .....		0	723
Fjárfestingarhreyfingar		470.439	( 404.951)
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		712.119	( 306.082)
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		2.155.357	2.461.234
<b>Áhrif gengisbreytinga á erlendar bankainnistæður .....</b>		1.311	205
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	2i	2.868.787	2.155.357

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um sparisjóðinn

Sparisjóður Strandamanna ses. er með aðsetur á Hafnarbraut 19, Hólmavík. Auk þess rekur hann afgreiðslu í Norðurfirði.

Sparisjóðurinn starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki. Tilgangur sparisjóðsins er að stunda sparisjóðsstarfsemi eins og hún er skilgreind í áðurgreindum lögum. Fjármálaeftirlitið (FME) hefur eftirlit með sparisjóðnum á grundvelli laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Samfélagslegt hlutverk sparisjóðsins er að láta gott af sér leiða og standa vörð um og þróa atvinnulíf, mannlíf og almenna velferð á sínu starfssvæði.

Stjórn sparisjóðsins og sparisjóðsstjóri staðfestu ársreikninginn þann 26. mars 2024.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil lánastofnanna. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum, að öðru leyti en því að hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða eru færð á markaðsverði. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stjórnendur sparisjóðsins hafa lagt mat á áframhaldandi rekstrarhæfi sparisjóðsins og hafa eðlilegar væntingar um að sjóðurinn hafi fullnægjandi burði til áframhaldandi rekstrar. Ársreikningurinn er því gerður miðað við áframhaldandi rekstrarhæfi.

Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

### b. Matsaðferðir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað. Matsóvissan felst fyrst og fremst í ákvörðun um niðurfærslu vegna útlána sparisjóðsins.

### c. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur reiknast af innstæðum í Seðlabanka, kröfum á lánastofnanir, útlánnum, fjárfestingaverðbréfum og öðrum fjáreignum sem bera fasta eða breytilega vexti. Vaxtagjöld reiknast af innlánnum og öðrum skuldum. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum.

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda er dreifing á afföllum og yfirverði og annar mismunur sem er á upphaflega bókfærðu verði fjármálagernings og fjárhæð á gjalddaga miðað við virka vexti.

Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem notuð er við núvirðingu áætlaðs sjóðstreymis yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings eða styttra tímabil, eftir því sem við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi. Þegar virkir vextir eru reiknaðir áætla sparisjóðurinn sjóðstreymi með tilliti til allra samningsþátta fjármálagerningsins en tekur ekki tillit til útlánataps í framtíðinni.

### d. Þjónustutekjur og þjónustugjöld

Sparisjóðurinn veitir viðskiptavinum sínum ýmsa þjónustu sem hann fær greitt fyrir. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þjónustan er veitt.

Þjónustugjöld eru aðallega greiðslur vegna þjónustu sem sparisjóðurinn kaupir af öðrum fjármálafyrirtækjum vegna viðskiptamanna sinna, en þau eru gjaldfærð eftir því sem þjónustan er fengin.

## Skýringar, frh.:

---

### **2 Reikningsskilaaðferðir, frh.**

#### **e. Erlendir gjaldmiðlar**

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

#### **f. Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum á gangvirði**

Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum fela í sér allar innleystar og óinnleystar gangvirðisbreytingar af fjáreignum og fjárskuldum sem tilgreindar hafa verið á gangvirði, arð og gengishagnað eða tap af gjaldmiðlum. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning við móttöku arðsgreiðslunnar.

#### **g. Virðisrýrnun útlána og krafna**

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar verður hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er þá færð í rekstrarreikning.

Tvær aðferðir eru notaðar til að reikna virðisrýrnun, annars vegar á einstökum lánnum og kröfum og hins vegar tap á ákveðnum lánasöfnum. Áætlað tap vegna síðari atburða, án tillits til líkinda þeirra, er ekki fært.

Hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun felst í upplýsingum um eftirfarandi atvik eða aðstæður:

- (i) umtalsverðir fjárhagsörðugleikar lántakanda;
- (ii) samningsrof, svo sem vanskil á afborgunum eða á vöxtum eða greiðslum af höfuðstóli;
- (iii) sparisjóðurinn veitir lántakanda af viðskiptalegum eða lagalegum ástæðum, sem tengjast fjárhagsvandræðum lántakanda, ívilnun í formi endurfjármögnunar sem annars myndi ekki koma til greina af hálfu lánveitanda;
- (iv) það er orðið líklegt að lántakandi verði gjaldþrota eða undirgangist annars konar fjárhagslega endurskipulagningu;
- (v) virkur markaður er ekki lengur til staðar fyrir viðkomandi fjárhagslega eign vegna fjárhagslegra vandræða;
- (vi) greinileg gögn sem benda til mælanlegrar lækkunar á áætluðu framtíðarsjóðstreymi frá lánaflokki frá upphaflegri færslu eignanna, þótt minnkunin verði enn ekki greind á einstakar fjáreignir í flokknum, þar á meðal:
  - óhagstæðar breytingar á greiðslustöðu lántakanda í flokknum; eða
  - almennar þjóðhagslegar eða staðbundnar efnahagsaðstæður sem tengjast eignum í flokknum.

#### **Mat einstakra útlána og krafna**

Virðisrýrnun á einstökum lánnum og kröfum er ákvörðuð með mati á áhættu í hverju tilfelli fyrir sig. Sparisjóðurinn metur á hverjum reikningsskiladegi hvort fyrir liggja hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun einstakra lána. Þessu verklagi er beitt við öll lán sem teljast mikilvæg. Við matið er tekið tillit til eftirfarandi þátta:

- heildaráhætta sparisjóðsins gagnvart viðskiptavininum;
- fjárhæð og tímasetning væntanlegra inngreiðslna;
- líklegur ágóði til sparisjóðsins við búskipti eða gjaldþrot;
- hversu flókið er að ákvarða heildarfjárhæðir og mat á öllum kröfum á lántaka og hversu mikil lagaleg og tryggingaleg óvissa er fyrir hendi;
- söluverðmæti tryggingar (eða annarra lækkunarþátta) og líkindum á endurgreiðslu; og
- líklegur frádráttur kostnaðar við innheimtu útistandandi fjárhæða.

Virðisrýrnun er reiknuð með því að bera saman bókfært verð útlána og krafna við vænt framtíðarsjóðstreymi eða núvirði þeirra trygginga sem sjóðurinn hefur fyrir lánunum. Virðisrýrnun útlána og krafna er færð í afskriftareikning sem kemur til lækkunar á bókfærðu verði þeirra.

#### **Mat á söfnum útlána og krafna**

Þar sem lán og kröfur hafa verið metin sérstaklega og engar vísbendingar fundist um tap eru þau flokkuð í söfn á grundvelli svipaðra áhættueinkenna til að reikna út heildarvirðisrýrnun þeirra. Þetta tap nær til lána og krafna sem eru virðisrýrð á reikningsskiladegi, en verða ekki greind sem slík fyrr en síðar.

Virðisrýrnun á safni er metin útfrá sögulegum gögnum sjóðsins um útlánatöp og vanskil, ásamt því sem tekið hefur verið tillit til efnahagslegra mælikvarða í samræmi við ákvæði reglna um reikningsskil lánastofnana.

## Skýringar, frh.:

---

### **2 Reikningsskilaaðferðir, frh.**

#### **g. Virðisrýrnun útlána og krafna, frh.**

##### ***Endanlegar afskriftir***

Lán eru færð sem endanlega töpuð, ýmist að hluta eða fullu, þegar engar raunhæfar líkur eru á endurheimtu þeirra.

#### **h. Skattar**

##### ***Tekjuskattur***

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema að því marki sem hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður beint á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstigi og allar leiðréttingar á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Skatteign er reiknuð og færð í ársreikninginn að því marki sem talið er að hún muni nýtast. Útreikningurinn byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfærans skattalegs taps. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil sparisjóðsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar.

##### ***Fjársýsluskattur***

Sparisjóðurinn greiðir fjársýsluskatt, en skatturinn er lagður á fjármálfyrirtæki og váttryggingafélög. Skatturinn er lagður á laun og er hann gjaldfærður með launum og launatengdum gjöldum í rekstri sparisjóðsins.

#### **i. Handbært fé**

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður, óbundnar innstæður í Seðlabanka og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

#### **j. Útlán til viðskiptamanna og kröfur á lánastofnanir**

Útlán og kröfur eru fjármálagerningar, aðrir en afleiðusamningar, sem bera fastar og útreiknanlegar greiðslur og eru ekki skráðir á virkum markaði, fyrir utan þá sem sparisjóðurinn tilgreinir og færir á gangvirði. Útlán og kröfur fela í sér útlán sem sparisjóðurinn veitir viðskiptavinum sínum, útlán sem sparisjóðurinn tekur þátt í að veita ásamt öðrum lánastofnunum og keypt útlán sem eru óskráð og sparisjóðurinn hefur ekki í hyggju að selja í náinni framtíð.

Útlán og kröfur eru upphaflega færð á gangvirði, sem er lánsfjárhæðin auk alls kostnaðar vegna viðskiptanna. Útlán eru síðan metin á afskrifuðu kostnaðarverði, sem er fundið með útreikningi samkvæmt aðferð um virka vexti. Áfallnir vextir eru færðir sem hluti af bókfærðu verði útlána og krafna.

#### **k. Fjáreignir tilgreindar á gangvirði**

Sparisjóðurinn færir tiltekna fjáreignir við upphaflega skráningu þeirra í bókhaldi sem fjáreignir á gangvirði. Breytingar á gangvirði eru færðar í rekstrarreikning, sem hreinar tekjur af fjáreignum á gangvirði.

#### **l. Ákvörðun gangvirðis**

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda sem eru skráðar á virkum markaði er sama og skráð verð þeirra. Matsaðferðum er beitt á alla aðra fjármálagerninga við útreikning á gangvirði þeirra. Fjáreign eða fjárskuld telst vera skráð á virkum markaði ef opinbert verð er fánlegt frá kauphöll eða öðrum óháðum aðila og verðið endurspeglar raunveruleg og regluleg markaðsviðskipti á milli ótengdra aðila.

Matsaðferðir geta falið í sér að notast er við verð í nýlegum viðskiptum milli ótengdra aðila, að tekið sé mið af verðmæti annarra fjármálagerninga sem eru áþekkir þeim gerningi sem um ræðir eða stuðst við núvirt fjárstreymi eða önnur verðmátslíkön. Við beitingu matsaðferða eru allir þættir notaðir sem markaðsaðilar myndu nota við verðmat og aðferðirnar eru í samræmi við viðurkenndar aðferðir við að verðleggja fjármálagerninga.

## Skýringar, frh.:

---

### 2 Reikningsskilaaðferðir, frh.

#### m. Skuldabréfaeign

Skuldabréf eru færð á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta.

#### **Skráning og afskráning fjáreigna og fjárskulda**

Kaup og sala fjáreigna eru skráð á þeim degi sem viðskiptin fara fram. Þau eru færð á þeim degi sem sparisjóðurinn skuldbindur sig til að kaupa eða selja eign, nema vegna útlána, sem eru skráð þegar fjármagn er afhent lántakanda. Fjáreignir eru afskráðar þegar rétturinn til að fá fjárstreymi af fjáreign er ekki lengur til staðar eða þegar áhætta og ávinningur af eignarhaldinu hefur verið flutt frá sparisjóðnum.

Fjárskuld er skráð þegar sparisjóðurinn verður hluti af samningsbundnum skuldagerningi. Fjárskuld er afskráð þegar skuldbinding sparisjóðsins er gerð upp með greiðslu, skuldaraðili fellur frá kröfunni eða fjárskuldin er felld úr gildi.

#### n. Fullnustueignir

Eignir sem sparisjóður hefur eignast vegna fullnustu á kröfum. Eignir eru í sölumeðferð og eru eignfærðar á því sem lægra reynist af kostnaðarverði eða gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

#### o. Rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir

Rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir eru færðar til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýmum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir .....	50 ár
Húsbúnaður og skrifstofuáhöld .....	5 ár
Hugbúnaður .....	5-10 ár

#### p. Innlán

Sparisjóðurinn fjármagnar sig að mestu leyti með innlánnum frá viðskiptavinum. Innlánin samanstanda af bundnum og óbundnum innlánnum. Innlán eru í upphafi metin á gangvirði, en eftir það eru þau metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta.

#### r. Aðrar eignir og skuldir

Aðrar eignir og aðrar skuldir eru færðar á kostnaðarverði.

#### s. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð í efnahagsreikning þegar lagaleg skylda, sem leiðir af liðnum atburðum, hvílir á sparisjóðnum, og líklegt þykir að útstreymi hagrænna gæða þurfi að koma til við uppgjör skuldbindingarinnar. Ef áhrifin eru veruleg eru skuldbindingarnar ákveðnar með því að afvaxta áætlað framtíðarfjárstreymi með hlutfalli fyrir skatta og meta þannig áhættuna sem tengist skuldbindingunni.

#### t. Eigið fé

##### (i) Stofnfé

Samkvæmt samþykktum sparisjóðsins nemur stofnfé hans 392,8 millj. kr. og er það í eigu 108 aðila. Eitt atkvæði fylgir hverri 1 kr. stofnfjár.

##### (ii) Varasjóður

Í varasjóð er færður hagnaður ársins en arðgreiðslur ársins ásamt endurmati stofnfjár og tapi eru færðar úr varasjóð.

## Skýringar, frh.:

### t. Eigið fé, frh.

#### (iii) Arðgreiðslur

Arðgreiðslur á stofnfé eru færðar til lækkunar á eigin fé á því tímabili sem þær eru samþykktar á fundi stofnfjáraðila.

### 3. Mat stjórnenda

Sparisjóðurinn framkvæmir mat og beitir ályktunum sem hafa áhrif á fjárhæðir eigna og skuldbindinga. Þetta mat og ályktanir eru stöðugt endurmetnar og byggjast á reynslu og öðrum þáttum, þar með talið væntingum til atburða í framtíðinni, sem taldar eru raunhæfar við núverandi kringumstæður.

#### Virðisrýrnun útlána og krafna

Útlánasafnið er endurskoðað reglulega til að meta virðisrýrnun. Áður en ákvörðun er tekin um færslu virðisrýrnunar þarf sparisjóðurinn að meta hvort hlutlæg gögn gefi til kynna mælanlega lækkun á væntu framtíðarsjóðstreymi ymist frá einstökum lánnum eða frá safni lána áður en lækkun verður merkjanleg hjá einstöku láni í safninu. Þetta geta verið vísbendingar um breytingar á greiðslugetu lántakanda eða efnahagsástandi. Stjórnendur nota mat sem byggir á sögulegri reynslu af eignum með einkenni tapsáhættu og hlutlæg merki virðisrýrnunar þegar meta skal framtíðarsjóðstreymi. Aðferðarfræðin og ályktanirnar sem notaðar eru við að meta bæði fjárhæðir og tímasetningar á framtíðarsjóðstreymi eru endurskoðaðar reglulega með það að markmiði að minnka muninn á ætluðu tapi og raunverulegu tapi.

### 4. Hreinar vaxtatekjur

Vaxtatekjur og vaxtagjöld greinast þannig:

	2023	2022
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir .....	161.659	87.601
Vaxtatekjur útlána .....	288.242	219.379
Vaxtatekjur fjárfestingarverðbréfa .....	24.865	8.782
Vaxtatekjur samtals .....	474.766	315.762
Vaxtagjöld af innlánnum .....	268.056	148.092
Vaxtagjöld samtals .....	268.056	148.092
Hreinar vaxtatekjur .....	206.710	167.670

### 5. Hreinar þjónustutekjur

Þjónustutekjur og þjónustugjöld greinast þannig:

Útlán .....	2.318	1.818
Ábyrgðapóknun .....	895	593
Aðrar þjónustutekjur .....	40.438	42.078
Þjónustutekjur samtals .....	43.651	44.489
Þjónustugjöld .....	15.372	14.197
Hreinar þjónustutekjur .....	28.279	30.292

### 6. Aðrar rekstartekjur

Aðrar rekstartekjur sundurliðast þannig:

Umboðslaun .....	15.834	14.757
Aðrar tekjur .....	1.972	2.778
	17.806	17.535



## Skýringar, frh.:

### 7. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2023	2022
Laun .....	67.975	60.769
Lífeyrissjóður .....	9.679	8.297
Önnur launatengd gjöld .....	10.261	8.639
	<u>87.915</u>	<u>77.705</u>

Starfsmannafjöldi sparisjóðsins er sem hér segir:

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf .....	6,6	5,8
Stöðugildi í árslok .....	6,6	5,8

### 8. Annar rekstarkostnaður

Annar rekstarkostnaður greinist þannig:

Tölvuþjónusta .....	65.308	64.043
Endurskoðunar- og reikningsskilakostnaður .....	17.303	10.828
Sérfræðiþjónusta .....	1.342	2.633
Félagsgjöld SÍSP og önnur félagsgjöld .....	8.069	10.162
Sæðlabanki Íslands - MBK millibankakerfi .....	2.898	2.354
Framlag í tryggingarsjóð innistæðueigenda .....	0	231
Akstur og annar ferðakostnaður .....	3.357	1.741
Annar starfsmannakostnaður .....	827	736
Húsnæðiskostnaður .....	4.070	3.211
Skrifstofukostnaður .....	2.186	2.116
Markaðskostnaður .....	79	405
Styrkir og framlög til samfélagsverkefna .....	2.485	427
Ýmis annar kostnaður .....	4.392	2.373
Önnur rekstrargjöld samtals .....	<u>112.316</u>	<u>101.260</u>

#### Samtals þóknun til ytri endurskoðanda

##### Ernst & Young ehf.

Innri endurskoðun .....	<u>1.370</u>	<u>1.535</u>
-------------------------	--------------	--------------

##### KPMG ehf.

Endurskoðun og könnun árshlutareiknings .....	12.242	5.725
Önnur þóknun .....	3.691	3.568
Samtals þóknun til endurskoðanda .....	<u>15.933</u>	<u>9.293</u>
Samtals þóknun til endurskoðanda .....	<u>17.303</u>	<u>10.828</u>

Í þóknun fyrir endurskoðun felst vinna við endurskoðun á ársreikningi, könnun á árshlutareikningi auk vinnu sem stjórn sparisjóðsins hefur falið endurskoðendum og telst falla undir eðlilegan hluta af starfi þeirra. Undir önnur verkefni fellur einkum ýmis sérfræðiaðstoð.

## Skýringar, frh.:

### 9. Tekjuskattur

Virkur tekjuskattur greinist þannig:		<b>2023</b>		<b>2022</b>
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		49.659		8.834
Tekjuskattur af afkomu ársins .....	20,0%	9.929	20,0%	1.767
Ófrádráttarbær gjöld .....	0,0%	3	0,0%	3
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi .....	20,0%	9.932	20,0%	1.770

Skattur í efnahagsreikningi greinist þannig:

Skatteign í byrjun ársins .....		3.629		5.399
Reiknaður tekjuskattur ársins .....		(9.932)		(1.770)
Tekjuskattur til greiðslu .....		3.664		0
(Skattskuldbinding) skatteign í árslok .....		(2.639)		3.629

### 10. Útlán til viðskiptavina

		<b>2023</b>		<b>2022</b>
Yfirdráttarlán .....		223.319		217.021
Skuldabréf .....		2.494.735		2.435.741
Útlán til viðskiptavina samtals .....		2.718.054		2.652.762

Útlán og kröfur greinast þannig eftir lántakendum:

Atvinnugreinar				
Sjávarútvegur .....		69.611		41.794
Iðnaður og byggingarstarfsemi .....		54.561		68.019
Þjónustustarfsemi .....		593.638		559.011
Einstaklingar .....		2.000.244		1.983.938
		2.718.054		2.652.762

Afskriftareikningur útlána greinast þannig:

	Afskriftareikningur		2023	2022
	Sérstakur	Almennur	Samtals	Samtals
Afskriftareikningur útlána í byrjun ársins .....	9.491	20.288	29.779	25.623
Framlag afskriftareiknings á tímabilinu .....	8.350	294	8.644	10.316
Endanlega töpuð útlán .....			0	(6.160)
Afskriftareikningur útlána í lok tímabilsins .....	17.841	20.582	38.423	29.779

Afskriftareikningur útlána í hlutfalli af útlánum

og veittum ábyrgðum .....	0,6%	0,7%	1,4%	1,1%
---------------------------	------	------	------	------

### 11. Fjárfestingaverðbréf

Ríkisskuldabréf		<b>2023</b>		<b>2022</b>
Verðtryggð ríkisskuldabréf .....		163.477		151.472
Óverðtryggð ríkisskuldabréf .....		142.935		247.333
Samtals .....		306.412		398.805

Sparisjóðurinn fjárfesti í ríkisskuldabréfum sem eru færð sem fjárfestingabréf, stefna sjóðsins er að eiga bréfin fram að gjalddaga bréfanna. Markaðsvirði bréfanna þann 31.12.2023. var 295,1 millj. kr.

## Skýringar, frh.:

### 12. Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum:

Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:	2023	2022
Verðbréf eru færð á gangvirði		
Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóða .....	0	69.721
Sértryggð skuldabréf, verðbréfasjóður .....	0	301.149
Samtals .....	0	370.870
Eignarhlutir í öðrum félögum		
Reiknistofa bankanna hf., Reykjavík .....	1.022	1.022
Sparisjóður Höfðhverfinga ses., Grenivík .....	4.039	4.039
Samtals .....	5.061	5.061
Samtals .....	5.061	375.932

### 13. Eignarhlutir í dótturfélagi

Eignarhlutur í dótturfélagi	Eignarhlutur	Nafnverð	Afkoma	Bókfært verð
SPSTR ehf, Hólmavík .....	100%	4.000	(112)	3.888

Sparisjóðurinn stofnaði í árslok 2023 dótturfélagið Spstr hf í þeim tilgangi að taka við öllum eignum, skuldum og rekstri Sparisjóðs Strandamanna ses.

### 14. Rekstrarfjármunir

Áhöld og tæki félagsins greinast þannig:	Fasteignir	Húsbún. og skrifst.áhöld	Samtals
Heildarverð 1.1.2023 .....	44.768	2.628	47.396
Afskrifað áður .....	7.024	1.551	11.335
Bókfært verð 1.1.2023 .....	37.744	1.077	38.821
Keypt á árinu .....	2.124	0	2.124
Afskrifað á árinu .....	( 953 )	( 502 )	( 1.455 )
Bókfært verð 31.12.2023 .....	39.201	575	39.776

Fasteignamat húseigna í árslok nam 51,4 millj. kr. og lóða 4,1 millj. kr. eða samtals 55,5 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 190,3 millj. kr. Vátryggingarverð húsbúnaðar og skrifstofuáhalda var 47,8 millj. kr. í árslok.

### 15. Óefnislegar eignar

Hugbúnaður félagsins greinast þannig:	Hugbúnaður
Heildarverð 1.1.2023 .....	79.124
Afskrifað áður .....	( 27.382 )
Bókfært verð 1.1.2023 .....	51.742
Keypt á árinu .....	4.779
Afskrifað á árinu .....	( 11.954 )
Bókfært verð 31.12.2023 .....	43.994
Afskriftarhlutföll .....	10-20%

## Skýringar, frh.:

### 16. Reiknuð skattskuldbinding

Breyting skatteignar á árinu greinist þannig:	2023	2022
Reiknuð skatteign í ársbyrjun .....	3.629	5.399
Breyting skatteignar á árinu .....	(9.932)	(1.770)
Tekjuskattur til greiðslu .....	3.664	0
Reiknuð skattskuldbinding í árslok .....	( 2.639 )	3.629
Skattskuldbinding sjóðsins skiptist þannig á eftirfarandi liði:		
Frestaður gengismunur .....	( 135)	75
Rekstrarfjármunir .....	( 2.504)	( 2.712)
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	0	6.266
Bókfærð skattskuldbinding í árslok .....	( 2.639)	3.629

Yfirfæranlegt skattalegt tap er nýtanlegt á móti skattskyldum hagnaði næstu ára og skiptist þannig:

Skattalegt tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030 .....	0	1.662
Skattalegt tap ársins 2021, nýtanlegt til ársloka 2031 .....	0	29.667
	0	31.329

### 17. Almenn innlán

Innlán greinast þannig:	2023	2022
Óbundin innlán .....	4.481.786	4.255.382
Bundin innlán .....	990.139	976.394
Innlán samtals .....	5.471.925	5.231.776

### 18. Aðrar skuldir

Aðrar skuldir greinast þannig:		
Ógreidd laun- og launatengd gjöld .....	9.384	10.585
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur .....	25.783	15.853
Ógreiddur kostnaður og aðrar skuldir .....	53.984	42.910
Tekjuskattur til greiðslu .....	3.664	0
Samtals .....	92.814	69.348

## Skýringar, frh.:

### 19. Eigið fé

Eigið fé í árslok nam 432,6 millj. kr. eða 7,2% af niðurstöðu efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálfyrirtæki er 23,1% en má lægst vera 8,0%. Fjármálaeftirlit Seðlabankans tilkynnt sparisjóðnum í nóvember 2022 um nýtt mat á eiginfjárbörf samkvæmt svonefndu SREP ferli og er hún 11,3%. Frá og með 1. september 2022 var sveiflujöfnunaraukinn hækkaður úr 0% í 2% og telst eiginfjárbörf sjóðsins nú 18,8% þann 1. jan. 2023. Fjármálastöðuleikanefnd Seðlabankans hefur svo gefið út að sveiflujöfnunaraukinn verði hækkaður um 0,5% í mars 2024.

Eiginfjárfkrafa til sparisjóðsins greinist þannig:	1.1.2024	1.1.2023
Lágmarkskrafa .....	11,3%	11,3%
Verndunarauki .....	2,5%	2,5%
Kerfisáhættuauki .....	3,0%	3,0%
Sveiflujöfnunarauki .....	2,0%	2,0%
Samanlögð krafa .....	18,8%	18,8%

Eiginfjárlutfall reiknast þannig:	2023	2022
Heildar eigið fé .....	430.334	392.911
Eignarhlutur í fjármálfyrirtæki .....	( 4.039 )	(4.039)
Hugbúnaður .....	( 35.616 )	(51.742)
Skatteign .....	0	(3.629)
Frádráttur v/ NPEs .....	( 214 )	(23)
Aðrar leiðréttingar .....	0	(371)
Eiginfjárgrunnur samtals .....	390.465	333.107

Heildar eiginfjárfkrafa skiptist þannig:

Útlánaáhætta .....	1.271.918	1.204.409
Markaðsáhætta .....	8.957	7.338
Rekstraráhætta .....	409.656	355.312
Eiginfjárfkrafa samtals .....	1.690.531	1.567.059

Eiginfjárlutfall ..... 23,1% 21,3%

### Vogunarlutfall

Fjármálfyrirtæki skal skv. 30. gr. a í lögum um fjármálfyrirtæki nr. 161/2002 uppfylla kröfur um vogunarlutfall. Vogunarlutfall sjóðsins í árslok er 5,9% en samkvæmt lögum skal vogunarlutfall ekki fara undir 3%.

Vogunarlutfallið reiknast þannig:	2023	2022
Eigið fé þáttar 1 .....	390.465	333.107
Áhættuskuldbindingar:		
- Liður innan efnahags .....	6.000.016	5.694.035
- Liður utan efnahags .....	65.455.206	77.667
- Frádráttarliðir eiginfjárbáttar 1 .....	(39.655)	(59.781)
Heildaráhættuskuldbindingar .....	6.025.816	5.634.332
Vogunarlutfall .....	6,5%	5,9%

## Skýringar, frh.:

### 20. Tengdir aðilar

Sparisjóðurinn hefur skilgreint samband tengdra aðila sem stjórn sparisjóðsins, sparisjóðsstjóra og nánustu fjölskyldu þeirra einstaklinga sem falla þarna undir. Einnig hefur verið skilgreint samband við einingar með umtalsverð íþök hjá stærstu stofnfjáraðilum sparisjóðsins. Viðskipti við tengda aðila eru á armslengdargrunni.

	2023	2022
Útlán .....	8.097	16.225
Innlán .....	137.752	221.891

Vaxtakjör útlána og innlána tengdra aðila eru sambærileg við vaxtakjör annarra viðskiptamanna sparisjóðsins.

### *Laun og þóknanir til stjórnenda sparisjóðsins, auk stofnfjáreignar, greinast þannig:*

	2023		2022	
	Laun og hlunnindi	Stofnfjárhlutir í árslok	Laun og hlunnindi	Stofnfjárhlutir í árslok
Þorbjörn Jónsson, sparisjóðsstjóri .....	18.483	0	16.172	0
Víðir Álfgeir Sigurðarson, stjórnarformaður .....	2.158	16.005	2.025	17.372
Björn Lindal Traustason, stjórnarmaður .....	956	0	900	0
Björn Torfason, stjórnarmaður .....	956	11.038	900	9.926
Guðjón Sigurgeirsson, stjórnarmaður .....	956	11.038	900	9.926
Jenný Jensdóttir, stjórnarmaður .....	956	16.557	900	14.890
	24.465	54.638	21.797	52.114

Víðir Álfgeir Sigurðarson fær greitt fyrir störf stjórnarformanns og setu í endurskoðunar- og áhættunefnd sjóðsins.

## Skýringar, frh.:

### 21. Stofnfjáraðilar

Samkvæmt 87. gr. laga um fjármálafyrirtæki skal upplýsa í ársreikningum um stofnfjäreigendur sem eiga umfram 1% af stofnfé í lok reikningsárs. Sé viðkomandi lögaðili skal jafnframt koma fram hver sé raunverulegur eigandi viðkomandi lögaðila. Eftirtaldir aðilar áttu 1% eða meira af stofnfé í sjóðnum í árslok:

	Heimili	Eignarhlutur
Karl Þór Björnsson .....	Strandabyggð	6,0%
Jenný Jensdóttir og Jón H. Eliasson .....	Kaldrananeshreppur	4,2%
Bragi Guðbrandsson og Sólveig Jónsdóttir .....	Strandabyggð	4,2%
Anna Þorbjörg Stefánsdóttir og Unnar Ragnarsson .....	Strandabyggð	4,2%
Arinbjörn Bernharðsson .....	Reykjavík	4,2%
Víðir Álfgeir Sigurðarson og tengdir aðilar .....	Garðabær	4,1%
Ragnheiður Jónsdóttir .....	Borgarbyggð	3,1%
Ingibjörg Elísa Fossdal og Þórður Sverrisson .....	Strandabyggð	2,8%
Björn Guðmundur Torfason og Bjarnheiður Júlía Fossdal .....	Árneshreppur	2,8%
Matthías Lýðsson og Hafdís Sturlaugsdóttir .....	Strandabyggð	2,8%
Guðjón H. Sigurgeirsson .....	Strandabyggð	2,8%
Guðmundur R. Guðmundsson .....	Kaldrananeshreppur	2,7%
Guðbjörn Jónsson .....	Strandabyggð	2,5%
Bjarni Þ. Sigurðsson .....	Reykjavík	2,1%
Halldóra Guðjónsdóttir .....	Strandabyggð	2,1%
Samúel Vilberg Jónsson .....	Hafnarfjörður	2,1%
Sverrir V. Lýðsson .....	Strandabyggð	2,1%
Guðmundur B. Magnússon .....	Strandabyggð	2,0%
Ragnar Bragason .....	Strandabyggð	1,9%
Jón Stefánsson og Erna Fossdal Júlíusdóttir .....	Strandabyggð	1,7%
Þórólfur Guðfinnsson .....	Árneshreppur	1,6%
Einar Indriðason .....	Strandabyggð	1,4%
Sigríður I. Karlsdóttir .....	Borgarbyggð	1,4%
Sigursteinn Sveinbjörnsson .....	Árneshreppur	1,4%
Guðbjörg Þorsteinsdóttir .....	Reykjavík	1,3%
Guðmundur M. Þorsteinsson .....	Árneshreppur	1,3%
Jón Ísleifsson .....	Reykjavík	1,3%
Kristján Albertsson .....	Árneshreppur	1,3%
Skúli Sveinbjörnsson .....	Bolungarvík	1,3%
Þorgerður Erla Jónsdóttir .....	Vesturbyggð	1,3%
Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir .....	Reykjanesbæ	1,3%
Kristinn G. Sigurðsson .....	Strandabyggð	1,1%
Björn H. Pálsson .....	Strandabyggð	1,0%
		<hr/> 77,4%

### 22. Veðsettar eignir

Sparisjóðurinn hefur sett eignir að veði í venjulegum bankaviðskiptum að fjárhæð 85,9 millj. kr. í árslok 2023 til tryggingar á uppgjörum í jöfnunar og stórgreiðslukerfum Seðlabanka Íslands. Um er að ræða tryggingu í bundnu innláni í Seðlabankanum. Aðrar eignir sparisjóðsins eru ekki veðsettar.

## Skýringar, frh.:

### 23. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

#### Ábyrgðir og ónotaðar yfirdráttarheimildir

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar ábyrgðir og yfirdráttarheimildir greinast þannig:

	2023	2022
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna .....	49.831	49.308
Ónotaðar yfirdráttarheimildir og kortaheimildir .....	290.700	321.797
	<u>340.531</u>	<u>371.105</u>

#### Tryggingarsjóður innstæðueigenda

Samkvæmt lögum sem gilda um Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta skulu heildareignir sjóðsins nema að lágmarki 0,3% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Greiðslur sparisjóðsins til Tryggingarsjóðs námu 0,2 millj. kr. vegna ársins 2022. Ekki var gerð krafa um greiðslu sparisjóðsins vegna ársins 2023.

### 24. Áhættugreining

#### a. Áhættustýring

Áhættustýring felur í sér að stýra áhættu sparisjóðsins með sem skilvirkustum hætti og gera áhættustýringuna sem gagnsæjasta, allt frá stjórn til þeirra einstöku starfsmanna sem taka ákvörðun sem í er fólgin áhættu. Stjórnendur og stjórn greina áhættu sparisjóðsins á hverjum tíma, fylgjast með og meta áhættuþætti og hafa eftirlit með að viðmiðunarmörk einstakra áhættuþátta séu virt. Skilvirkar aðferðir og aðgerðir við mat á áhættu eru því grundvöllur áhættustýringar sparisjóðsins. Stjórn sparisjóðsins ákveður megin stefnur hvað varðar áhættustýringu og setur mörk ásættanlegrar áhættu í daglegum rekstri sparisjóðsins. Stjórn setur markmið varðandi áhættustýringu og eftirlit með áhættuþáttum, svo sem útlánaáhættu, lausafjáraáhættu, markaðsáhættu og rekstaráhættu.

#### b. Framkvæmd áhættustýringar

Stjórnendur sparisjóðsins hafa með höndum eftirlit og skýrslugerð varðandi mismunandi tegundir áhættu.

Ákvarðanatataka byggist á skipulagi þar sem stjórn sparisjóðsins hefur falið öðrum umboð til að gefa út leiðbeiningar og markmið varðandi ásættanlega áhættu og ákveða einstakar stöður út frá stærð og áhættu. Upplýsingar um áhættustöður eru reglulega kynntar stjórn sparisjóðsins.

#### c. Eftirlit og stýring lausafjáraáhættu

Lausafjáraáhætta er hætta á tapi vegna þess að ekki er hægt að standa við skuldbindingar þegar þær gjaldfalla. Sparisjóðurinn fylgist með lausafjáraáhættu sinni með greiningu á gjalddögum fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga. Sparisjóðurinn þarf alltaf að hafa nægjanlegt laust fé til að geta mætt bæði fyrir séðum og ófyrir séðum greiðslu skuldbindingum. Sparisjóðurinn hefur sett sér reglur varðandi lausafjárstöðu og fjármögnun og er þeim ætlað að tryggja og viðhalda sveigjanleika. Þetta felur meðal annars í sér aðgang að lánalínum, yfirdráttarheimildum og fjáreignum sem auðvelt og fljótlegt er að selja, svo sem ríkisvixlum og ríkisskuldabréfum.

Auk þess er fylgst með lausafjáraáhættu með skýrslum um lausafjárahlutfall sem sendar eru reglulega til Seðlabanka Íslands. Lausafjárahlutfallið sýnir hlutfallið milli eigna og skulda eftir því hversu langt er til gjalddaga þeirra.



## Skýringar, frh.:

### 24. Áhættugreining, frh.:

#### d. Eftirstöðvagreining fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignir og fjárskuldir sparisjóðsins greinast þannig eftir gjalddögum\*:

31.12.2023	Gjaldkræft	4-12	1-5	Yfir 5 ár	Samtals
	0-3 mán.	mánuðir	ár		
Sjóðir og innistæður .....	2.442.760				2.442.760
Kröfur á lánastofnanir .....	426.027				426.027
Útlán og kröfur .....	388.318	90.062	504.010	1.735.664	2.718.054
Fjárfestingaverðbréf .....			306.412		306.412
Hlutabréf .....				8.949	8.949
Aðrar eignir .....	14.044				14.044
	<u>3.257.105</u>	<u>90.062</u>	<u>810.422</u>	<u>1.744.613</u>	<u>5.902.202</u>
Almenn innlán .....	4.510.355	40.713	262.401	658.456	5.471.925
Aðrar skuldir .....	67.031	25.783			92.814
	<u>4.577.386</u>	<u>66.496</u>	<u>262.401</u>	<u>658.456</u>	<u>5.564.739</u>
Fjáreignir - fjárskuldir .....	( 1.320.281)	23.566	548.021	1.086.157	337.463
<b>31.12.2022</b>	<b>Gjaldkræft</b>	<b>4-12</b>	<b>1-5</b>	<b>Yfir 5 ár</b>	<b>Samtals</b>
	<b>0-3 mán.</b>	<b>mánuðir</b>	<b>ár</b>		
Sjóðir og innistæður .....	2.120.090				2.120.090
Kröfur á lánastofnanir .....	35.267				35.267
Útlán og kröfur .....	424.403	95.857	489.886	1.642.616	2.652.762
Fjárfestingaverðbréf .....			398.805		398.805
Verðbréfasjóðir .....	69.721				69.721
Sértryggð skuldabréf .....	301.150				301.150
Hlutabréf .....				5.061	5.061
Aðrar eignir .....	16.987				16.987
	<u>2.950.631</u>	<u>95.857</u>	<u>888.691</u>	<u>1.647.677</u>	<u>5.582.856</u>
Almenn innlán .....	4.244.918	19.777	545.311	421.770	5.231.776
Aðrar skuldir .....	53.495	15.853			69.348
	<u>4.298.413</u>	<u>35.630</u>	<u>545.311</u>	<u>421.770</u>	<u>5.301.124</u>
Fjáreignir - fjárskuldir .....	( 1.347.782)	60.227	343.380	1.225.907	281.732

\*í ofangreindri sundurliðun er ekki tekið tillit til áætlaðra vaxtagreiðslna í framtíðinni. Fjárhæðir í töflunni eru ekki núvirtar.

#### e. Eftirlit og stýring markaðsáættu

Stefna sparisjóðsins er að fylgjast með markaðsáættu í rekstrinum og gæta þess að ekki sé farið yfir þau mörk sem stjórn hefur sett. Markaðsáættu er stýrt með takmörkunum á stöðutökum og áhættuviðmiðum.

## Skýringar, frh.:

---

### 24. Ahættugreining, frh.:

#### f. Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta ræðst af mismun á vaxtakjörum innlána eða fjármögnunar annars vegar og útlánavöxtum lánasafns hins vegar. Starfsemi sparisjóðsins lýtur áhættu vegna vaxtasveiflna að því marki að vaxtaberandi eignir og vaxtaberandi skuldir hafa mismunandi binditíma og eru endurreiknaðir á mismunandi tímum eða í mismunandi fjárhæðum

Breytilegir vextir eigna og skulda geta einnig valdið áhættu vegna sveiflna ýmissa breytilegra vaxtaviðmiða, svo sem innlánsvaxta og annarra mismunandi vaxtategunda. Starfssemi áhættustýringar beinist að því að hámarka nettóvaxtatekjur að því tilskildu að markaðsvextir fari saman við stefnu stjórnar og áhættuviðmið.

Heildarfjárhæð útlána sparisjóðsins sem bera fasta vexti nam 10,5 millj. kr. í lok desember 2023 (2022: 11,1 millj. kr.).

#### g. Verðbólguáhætta

Sparisjóðurinn stendur frammi fyrir áhættu vegna verðbólgu á Íslandi þar sem eignir tengdar neysluverðsvísitölu eru minni en samsvarandi skuldir. Allar eignir og skuldir með verðtryggingar ákvæðum eru færðar með áföllnum verðbótum á hverjum tíma og verðbætur færðar í rekstrarreikning.

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna sparisjóðsins námu 1.429,8 millj. kr. í lok desember 2023 ( 2022: 1.271,6 millj. kr .) og heildar fjárhæð verðtryggðra skulda nam á sama tíma 990,1 millj. kr. (2022: 996,3 millj. kr.).

#### h. Gjaldeyrissáhætta

Gjaldeyrissáhætta er hættu á tapi vegna óhagstæðra hreyfinga á erlendum gjaldmiðlum. Stöðugt er fylgst með opinni gjaldeyrisstöðu í hverri mynt í eignasafni sjóðsins. Sparisjóðurinn stefnir að því að takmarka gjaldeyrissáhættu og fylgist með henni í samhengi við heildar eigið fé sjóðsins.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum námu 15,9 millj kr. í lok desember 2023 (2022: 20,7 millj. kr.) og heildarfjárhæð skulda í erlendum gjaldmiðlum nam á sama tíma 16,7 millj. kr. (2022: 13,4 millj. kr.).

#### i. Rekstaráhætta

Rekstaráhætta er áhætta sem stafar af beinu eða óbeinu tapi sem á sér margvíslegar ástæður tengdar þróun rekstrarins, t.d. starfsmannamálum, tækni eða uppbyggingu sparisjóðsins. Ytri ástæður, aðrar en lána-, markaðs- eða lausafjárahætta, geta stafað af lagalegum kröfum eða almennt viðurkenndum verklagsreglum fyrirtækja. Rekstaráhætta stafar af allri starfsemi sparisjóðsins og snertir allar einingar í rekstrinum. Markmið sparisjóðsins er að finna jafnvægi milli þess að lágmarka áhættu og tap, og að hámarka arðsemi án þess að útiloka frumkvæði starfsmanna. Stjórnendur þróa og útfæra reglur fyrir rekstraráhættu innan hverrar einingar í takt við almenn áhættuviðmið sparisjóðsins.

#### j. Útlánaáhætta

Útlánaáhætta verður til með veitingu útlána. Fjárhæð útlánaáhættu í þessu tilliti kemur fram í bókfærðu verði eigna í efnahagsreikningi. Mótaðilaáhætta fylgir öðrum fjáreignum, svo sem afleiðusamningum og markaðsskuldaþréfum. Núverandi mótaðilaáhætta endurspeglast í bókfærðu verði þessara eigna í efnahagsreikningi. Sparisjóðurinn er einnig opin fyrir mótaðilaáhættu vegna liða utan efnahagsreiknings eins og ónýtttra yfirdráttahæmilda og veittra ábyrgða.

Stjórn Sparisjóðsins setur almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir og ákveður lánastefnu sparisjóðsins. Stjórnin hefur eftirlit með lánamálum og ákveður útlánaheimildir sparisjóðsstjóra en stjórn setur mörk heimilda annarra starfsmanna. Stjórnin afgreiðir umfram heimildir sparisjóðsstjóra. Stjórn og stjórnendur sparisjóðsins sjá um eftirlit með öllum þáttum útlána, lánveitingum, tryggingum, samsetningu lánasafns og innheimtum.

## Skýringar, frh.:

---

### 24. Áhættugreining, frh.:

#### j. Útlánaáhætta, frh.

Útlánasafni sparisjóðsins er dreift milli skuldara, atvinnugreina og landsvæða. Útlánasafni sparisjóðsins er stýrt þannig að enginn einn skuldari eða fjárhagslega tengdur hópur skuldara sé með stærra hlutfall útlánasafnsins en áhættureglur segja til um.

Viðskiptavinir teljast til stórra áhættuskuldbindinga ef heildarskuldbindingar þeirra eða fjárhagslega- eða stjórnunarlega tengdra aðila er umfram 10% af eigin fé sparisjóðsins, að teknu tilliti til veða sem tryggja lánin, í samræmi við reglur Fjármálaeftirlitsins, nr. 216/2017 um stórar áhættuskuldbindingar fjármálafyrirtækja. Samkvæmt ofangreindum reglum má engin áhætta vera meiri en 25% af eigin fé. Í lok desember 2023 var enginn aðili með áhættuskuldbindingu umfram framangreint hámark.

### 25. Framlög til samfélagsverkefna

Samkvæmt 15. gr. samþykktu Sparisjóðs Strandamanna skal sjóðurinn ráðstafa að lágmarki 5% af hagnaði liðins árs fyrir skatt til samfélagslegra verkefna á starfssvæði sínu í samræmi við ákvæði gildandi laga um fjármálafyrirtæki.

Gjaldfært hefur verið framlag vegna ársins 2023 að fjárhæð 2.020 þús.kr.

	<b>Samtals</b>
Hólmavíkursókn .....	1.000
Galdrafár á Ströndum .....	100
Björgunarsveitin Dagrenning .....	150
Hörmungardagar .....	100
Söfnun fyrir Frisby Golfvelli .....	120
Umf Geislinn .....	100
Umf Neistinn .....	100
Skíðafélag Strandamanna .....	250
Leifur heppni .....	100
	<hr/> 2.020 <hr/>

# Ófjárhagslegar upplýsingar

## Viðskiptalíkan

Sparisjóður Strandamanna ses. er sparisjóður sem starfar skv. lögum um fjármálafyrirtæki. Tilgangur sjóðsins er að rækja á starfssvæði sínu þá starfsemi sem honum er heimil skv. lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og tilgreind eru í starfsleyfi hans frá Fjármálaeftirlitinu. Áætlun Sparisjóðs Strandamanna til framtíðar er að reka sparisjóðinn á öruggan og hagkvæman hátt í samræmi við tilgang félagsins, með hagsmuni viðskiptavina, stofnfjáreigenda og samfélagsins að leiðarljósi. Rekstrarmarkmið sjóðsins er að afkoma hans standi undir þátttöku Sparisjóðsins í góðu mannlífi á svæðinu, hóflegum arði af stofnfé og stöðugri þróun sjóðsins.

Sparisjóður er sjálfseignarstofnun, eftir föngum á forræði heimamanna, fjöldahreyfing stofnfjáreigenda sem hefur að markmiði að tryggja hefðbundna og eðlilega fjármálþjónustu á sínu starfssvæði. Starfsemi Sparisjóðsins byggir á nálægð við viðskiptavini, heiðarleika og trausti, þekkingu á aðstæðum og þörfum viðskiptavina og svæðis, hóflegum vaxtamun, skynsamlegum útlánnum og samstarfi við aðra sparisjóði um að hámarka hagkvæmni og þekkingu í starfi sjóðsins.

## Um sjálfbærni sparisjóðsins

Sparisjóðurinn hefur sett sér stefnu í sjálfbærnimálum. ekki sett sér heildarstefnu um sjálfbærni. Tilgangur stefnunnar er að skilgreina megináherslur Sparisjóðsins í umhverfismálum, samfélagsmálum og stjórnarháttum og greina þau áhrif sem starfsemi hans getur haft á nærumhverfi sitt. Stefnunni er ekki ætlað að vera tæmandi, öllu heldur að styðja við gilandi stefnur, reglur og leiðbeiningar sem Sparisjóðurinn fylgir og setur eftirfarandi viðmið:

- *Umhverfisleg viðmið* taka á því hvernig Sparisjóðurinn mun vinna meðvitað að því að draga úr neikvæðum umhverfislegum áhrifum í starfseminni samhliða því að vinna að verkefnum í þágu umhverfisins.
- *Félagsleg viðmið* fjalla um það hvernig hugað er að velferð og heilsu starfsfólks, stuðla að heilbrigðu og jákvæðu starfsumhverfi, leggja áherslu á fjölbreytileika og jafnrétti ásamt því að styðja við sitt nær samfélag og huga að sínum hagaðilum.
- *Viðmið um góða stjórnarhætti* taka á áherslum Sparisjóðsins þegar kemur að því að viðhalda góðu viðskiptasiðferði, huga að innra eftirliti, almennum stjórnarháttum og huga að réttindum viðskiptavina.

Sjálfbærniuppgjör hefur ekki veri birt en stefnan er að birta slíkt, byggt á UFS leiðbeiningum Nasdaq, fyrir árið 2024. Markmið Sparisjóðsins er að reksturinn verði til fyrirmyndar í íslensku atvinnulífi, ekki einungis hvað varðar ávöxtun og hagkvæmni heldur jafnframt þegar kemur að UFS viðmiðum í rekstri Sparisjóðsins.

Sparisjóðurinn hefur valið fjögur af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna til að leggja áherslu á í starfsemi sinni og byggir á þeim þáttum sem sjóðurinn hefur skilgreint sem lykilþætti fyrir dagslegan rekstur, hagaðila og samfélagið:

- Nr. 5 Jafnrétti kynjanna
- Nr. 8 Góð atvinna og hagvöxtur
- Nr. 9 Nýsköpun og uppbygging
- Nr. 10 Aukin jöfnuður

## Umhverfisþættir

Sparisjóðurinn hefur skuldbundið sig til þess að draga úr neikvæðum áhrifum sem starfsemin hefur á umhverfið. Sparisjóðurinn mun leitast við að varðveita auðlindir, draga úr úrgangi og endurvinna það sem hægt er. Starfsfólk ber ábyrgð á því að fylgja þessari stefnu og verða að leggja sig fram um að draga úr eigin umhverfisáhrifum á meðan vinnu stendur.

- Mæla beina og óbeina kolefnislosun á eigasafni.
- Draga úr úrgangsmýndun og bæta flokkun
- Draga úr orkunotkun
- Hvetja starfsfólk til að velja vistvænar samgöngur til og frá vinnu
- Taka mið af umhverfis- og samfélagslegum sjónarmiðum við val á birgjum og innkaupum

Sparisjóðurinn hefur ekki skilgreint lykilmælikvarða til að mæla árangur í umhverfismálum en stefnt er að því að skilgreina þá í framhaldi af stefnu Sparisjóðsins í sjálfbærnimálum.

# Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.

## Félagslegir þættir

Sparisjóðurinn leggur áherslu á að stuðla að velferð starfsfólks og að tryggja heilnæmt starfsumhverfi. Sparisjóðurinn leitast eftir því að veita viðskiptavinum sínum víðtæka og persónulega þjónustu sem lagar sig að þörfum hvers og eins. Sparisjóðurinn leggur upp úr að viðskiptavinir fái ávallt það besta sem í boði er hverju sinni. Þarfir einstaklinga, fjölskyldna og minni fyrirtækja njóta sérstakrar athygli sem endurspeglast í þjónustuframboði og áherslum í þróun.

### Innri hagaðilar

• **Stuðla að heilsu og öryggi starfsfólks.** Starfsfólki býðst að sækja um líkamsræktarstyrk árlega. Einnig getur starfsfólk sótt ýmis konar heilsuþættandi þjónustu í gegnum SSF (Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja).

• **Jafnrétti kynjanna og fjölbreytileiki.** Sparisjóðurinn leggur ríka áherslu á jöfn laun óháð kyni, kynhneigð, kynþætti, uppruna eða öðrum þáttum er geta á einhvern hátt mismunað fólki. Sparisjóðurinn fagnar fjölbreytileika fólks sama hvort um ræðir starfsfólk eða samfélagið í heild.

• **Þjálfun og færniþróun.** Sparisjóðurinn mótar fræðsluáætlun fyrir hvert ár í þeim tilgangi að styðja við áframhaldandi þróun starfsfólks og stuðla að aukinni starfsánægju. Fræðsluáætlunin samanstendur af námskeiðum, fyrirlestrum, innri fræðslu, vinnustofum o.fl. Áhersla er lögð á þætti sem skipta starfsemi Sparisjóðsins höfuðmáli hverju sinni og að þeir uppfylli lögbundið hlutverk sitt sem fjármálafyrirtæki. Dæmi um áherslur eru nýliðafræðsla, áhættustýring, þjónusta, upplýsingaöryggi o.fl. Í gegnum SSF (Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja) býðst starfsfólki að sækja um ýmsa menntatengda styrki s.s. háskólanám, endurmenntun og sjálfsstyrkingu o.fl.

• **Einelti og aðlögun.** Sparisjóðurinn hefur sett sér stefnu og aðgerðaáætlun gegn hvers konar einelti, áreitni og ofbeldi gegn starfsfólki, viðskiptavinum og öðrum hagaðilum og mun tryggja að hún sé aðgengileg framangreindum aðilum.

### Ytri hagaðilar

• **Tengsl við samfélagið.** Sparisjóðurinn hefur skuldbundið sig til þess að styðja við nærsamfélagið og samkvæmt 63. gr laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2022 skuli sparisjóðir ráðstafa að lágmarki 5% af hagnaði liðins árs í samfélagsleg verkefni. Sparisjóðurinn styður við nær samfélagið með fjárframlögum og samstarfi af ýmsu tagi í eftirfarandi málaflokkum:

- o Menning og listir
- o Menntun
- o Góðgerðar- og félagsstarf
- o Íþróttar- og æskulýðsstarf

#### ▣ **Viðskiptavinir.**

- o Stuðla að auknu fjármálalæsi með fræðslu til viðskiptavina.
- o Fræða viðskiptavini um loftslags- og sjálfbærniáherslur í fjármálageiranum sem getur endurspeglast í bættum lánakjörum í framtíðinni.
- o Vera í virkum samskiptum við viðskiptavini varðandi þróun á vöru- og þjónustuframboði með tilliti til stafrænnar vegferðar Sparisjóðsins.

Heildarþjóni starfsfólks í árslok 2023 var 6,6. Sjóðnum er því ekki skylt að fá jafnlaunastaðfestingu eða vottun. Sjóðurinn hefur það samt sem áður að markmiði að starfsfólki séu greidd sömu laun fyrir sambærileg störf.

Sparisjóðurinn hefur ekki skilgreint lykilmælikvarða til að mæla árangur í mannauðsmálum, samskiptum við nærsamfélagið og mannréttindamálum en stefnt er að því að skilgreina þá í framhaldi af stefnu Sparisjóðsins í sjálfbærnimálum.

## Stjórnarhættir

Sparisjóðurinn er eftirlitsskyldur aðili og fylgir viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, NASDAQ Iceland og Samtökum atvinnulífsins.

# Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.

---

## Stjórnarhættir, frh.

### • **Góðir viðskiptahættir**

- o Sparisjóðurinn leggur áherslu á gegnsæi og hefur sett sér stefnur, reglur og verklag til þess að tryggja eftirfylgni við þau lög og reglur sem gilda um starfsemi hans.
- o Sparisjóðurinn fylgir leikreglum samfélagsins með heiðarleika, sanngirni, ráðvendni, hófsemi og varfærni að leiðarljósi í starfi.

### ▣ **Vernð uppljóstrara og aðgerðir gegn spillingu og mútum**

- o Sparisjóðurinn lætur óréttmæta viðskiptahætti aldrei viðgangast. Tilkynna skal um ætluð brot til réttra aðila og taka þátt í innlendum og alþjóðlegum aðgerðum gegn svikum, spillingu, peningabætti og fjármögnun hryðjuverka- og glæpastarfsemi.
- o Með ábendingarkerfi sem starfsfólk er upplýst um er hægt að leita til formanns endurskoðunarnefndar sparisjóðsins ef grunur um misferli á fjármunum sparisjóðsins liggur fyrir eða um annað misjafnt sem starfsfólk getur orðið vart við í starfi.
- o Óheimilt er að refsa starfsfólki sem tilkynna í góðri trú um ætluð brot annarra.

### • **Mannréttindi**

- o Sparisjóðurinn virðir mannréttindi og er umhugað um samstarfsfólk, viðskiptavini og aðra sem hagsmuna eiga að gæta þar sem lagt er upp með að sýna hvert öðru virðingu.

Sparisjóðurinn hefur ekki skilgreint lykilmælikvarða til að mæla árangur í stjórnarháttum en stefnt er að því að skilgreina þá í framhaldi af stefnu Sparisjóðsins í sjálfbærnimálum.

## Megináhættur

Sparisjóðurinn hefur sett sér áhættustefnu í sjálfbærni- og loftslagsmálum. Þar eru skilgreindar megináhættur í umhverfismálum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum. Sparisjóðurinn hefur hafið vinnu við að skilgreina ákveðna þætti út frá áhættum með hliðsjón af UFS viðmiðum sem geta haft áhrif á starfsemi og rekstur hans, hvort sem þau eru af fjárhagslegum eða ófjárhagslegum toga.

Dæmi um slíkar UFS áhættur eru eftirfarandi:

- **Umhverfisþættir:** loftslagsbreytingar (bæði raunlæg áhætta og umbreytingaráhætta), hnignun vistkerfa, skerðing auðlinda
- **Félagslegir þættir:** slæm vinnuskilyrði (til að mynda þrælahald og barnaþrælkun), mismunun, og lýðheilsa.
- **Stjórnarhættir:** fyrirtækjamening (til að mynda fjölbreytileiki), viðskiptasiðferði (til að mynda mútubægni og spilling), dýr

UFS viðmið gegna mikilvægu hlutverki í stefnumótun hjá Sparisjóðnum og Sparisjóðsstjóri ber ábyrgð á að stýra sjálfbærni- og loftslagstengdri áhættu. Endurskoðunar- og áhættunefnd Sparisjóðsins mun taka að sér að styðja við áframhaldandi innleiðingu UFS þátta í starfsemi hans með því að vinna með Sparisjóðsstjóra við ákvarðanatöku og að tryggja að tekið sé tillit til UFS viðmiða þvert á starfsemina.

Sjálfbærni- og loftslagsáhættustefna Sparisjóðsins tekur mið af áhættuþoli hans og áhættuvilja stjórnar til að stýra sjálfbærni- og loftslagstengdri áhættu hjá Sparisjóðnum. Áhættuvilji skal því samræmast áhættumati sjóðsins og taka á helstu sjálfbærniáhættum.

## Áreiðanleikakönnunarferli

Þær upplýsingar sem fram koma í ófjárhagslegum upplýsingum koma úr upplýsingakerfum Sparisjóðsins. Stjórn sjóðsins fer yfir og samþykkir ófjárhagslegar upplýsingar auk þess sem ytri endurskoðandi yfirfer þær með tilliti til hvort þær innihaldi þau atriði sem þær eiga að innihalda skv. gr. 66.d í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Ytri endurskoðandi staðfestir ekki áreiðanleika upplýsinganna.

# Ófjárhagslegar upplýsingar, frh.

---

## Flokkunarreglugerð Evrópusambandsins

Þann 1. júní 2023 tóku í gildi á Íslandi lög sem innleiða framseldar reglugerðir Evrópusambandsins um flokkunarkerfi fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Er reglunum ætlað að ýta frekar undir sjálfbærar fjárfestingar. Gildissvið laganna sem innleiða flokkunarkerfið nær yfir flest þau félög sem veita eiga ófjárhagslegar upplýsingar skv. 66.gr.d. í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og fellur því Sparisjóðurinn þar undir.

Samkvæmt reglugerðinni eiga fjármálafyrirtæki að veita upplýsingar hlutfall grænna eigna (e. green asset ration, GAR) og sýna þannig hlutfall eigna sinna sem fjármagna atvinnustarfsemi sem er í samræmi við flokkunarkerfið (e. alinged). Gert er ráð fyrir að upplýsingar um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi séu sóttar beint frá viðskiptavinum. Þar sem upplýsingar skv. reglugerðinni eru nú birtar í fyrsta skipti liggja upplýsingar viðskipavina ekki enn fyrir.

Flokkunarreglugerðin tekur einnig til lána til heimila og skiptast í lán tryggð með veði í íbúðarhúsnæði, lána til endurnýjunar bygginga og lán vegna kaupa vélknúinna ökutækja. Til að húsnæði geti talist umhverfislega sjálfbært skv. reglugerðinni þurfa að liggja fyrir upplýsingar um orkunýtingu en krafa um slíkt er ekki gerð um húsnæði á Íslandi og liggja þær upplýsingar því ekki fyrir um það húsnæði sem Sparisjóðurinn hefur lánað fyrir. Eins hefur Sparisjóðurinn ekki allar þær upplýsingar um vélknúin ökutæki, sem lánað er fyrir, um hvort þau uppfylli kröfur um að teljast umhverfislega sjálfbær.

Vegna ofangreinds getur Sparisjóðurinn ekki birt upplýsingar um hlutfall grænna eigna sinna að svo stöddu.

### Lágmarksverndarráðstafanir

Skv. flokkunarkerfinu eiga félög að veita upplýsingar um lágmarksverndarráðstafanir er snúa að mannréttindum, skattamálum, samkeppnismálum og aðgerðum gegn mútum og spillingu. Sparisjóðurinn hefur skoðað hvernig hann stendur gagnvart þessum lágmarksviðmiðum og ljóst er að hann uppfyllir þau ekki að öllu leiti en mun vinna áfram að því á árinu 2024.

Ekki er til staðar formleg skattastefna en lögd er rík áhersla á að farið sé í einu og öllu eftir lögum og reglum að allir skattar séu greiddir. Þá hefur sjóðurinn ekki metið hvort mannréttindi séu virt í virðisæðju sinni né innleitt verklag um áhrif starfseminnar á mannréttindi í samræmi við meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi og viðmið OECD fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki.

Sparisjóðurinn eða stjórnendur hans hafa ekki gerst brotleg við löggjöf eða reglur er snúa að mannréttindum, sköttum, samkeppnismálum, mútum eða spillingu.